

Lokaverkefni til B.Ed.

# Himnesk flækja

- greinargerð með kennsluefni í lífsleikni -

Birna Hjaltadóttir

Hulda Signý Gylfadóttir



Kennaraháskóli Íslands

Kennarabraut, grunnskólaleið

Apríl 2008

Lokaverkefni til B.Ed.

# Himnesk flækja

- greinargerð með kennsluefni í lífsleikni -

Birna Hjaltadóttir

270479-4809

Hulda Signý Gylfadóttir

221275-3149

Kennaraháskóli Íslands  
Kennarabraut, grunnskólaleið  
Apríl 2008

## Ágrip

Höfundar ákváðu að semja barnabók sem fjallar um samskipti, samvinnu og margbreytileika mannfólksins. Bókinni fylgja kennsluleiðbeiningar þar sem lífsleikni er kennd með aðferðum leikrænnar tjáningar.

Greinargerð þessi fjallar um nokkra áhrifavalda í þróun kennsluáðferða sem miðast út frá reynsluheimi barnsins. Þá fjallar hún einnig um stöðu leikrænnar tjáningar og lífsleikni í Aðalnámsskrá grunnskóla. Ritað er um frásagnir, hvernig þær hafa fylgt mannfólkinu frá örófi alda og hvaða áhrif þær hafa á samfélög. Í framhaldi af því er sýnt fram á hvernig hægt er að nota leikræna tjáningu þegar unnið er með sögur tengdar lífsleikni. Rök eru að lokum færð fyrir því hvers vegna höfundar ákváðu að skrifa barnabók og vinna út frá henni.

## Formáli

Greinargerð þessi er hluti af þriggja eininga lokaverkefni við Kennaraháskóla Íslands. Verkefnið er í þremur hlutum. Fyrst ber að nefna barnabókina, *Himnesk flækja*, þá kennarahandbók með kennsluleiðbeiningum og loks greinargerð þá sem hér kemur á eftir.

Leiðsagnarkennari okkar var Ása Helga Ragnarsdóttir og færum við henni okkar hjartans þakkir fyrir ómetanlega hvatningu og styrka leiðsögn. Hún ásamt Önnu Jeppesen og Kristínu Á. Ólafsdóttur hafa opnað augu okkar fyrir mikilvægi fjölbreytilegra kennsluaðferða og þeim óendanlegu möguleikum sem leikræn tjáning í skólastarfi býður upp á. Kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

Hin fjórtán ára Sandra Karen Hildardóttir myndskreytti bókina okkar, *Himnesk flækja*. Við getum seint fullþakkað henni fyrir þær stórkostlegu myndir sem undirstrika að öllu leyti efnivið bókarinnar.

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	5
1. kafli .....	5
1.1. Barnið í brennidepli .....	6
1.1.1. Undanfari og upphaf leikrænnar tjáningar í skólum .....	6
1.1.2. Frumkvöðlar í leikrænni tjáningu .....	7
1.1.2.1. Peter Slade (1912-2004) .....	7
1.1.2.2. Brian Way (1924-2006) .....	7
1.1.2.3. Dorothy Heathcote (1926-) og Gavin Bolton (1927-) .....	9
1.1.2.4. Jonothan Neelands .....	10
1.2 Leikræn tjáning og lífsleikni í íslenskum grunnskólum .....	10
1.2.1 Leikræn tjáning .....	10
1.2.2. Lífsleikni .....	12
1.3 Nauðsyn fjölbreytileika í skólastarfi og kennsluleiðum .....	12
2. kafli .....	14
2.1 Af hverju saga? .....	15
2.2. Af hverju leikræn tjáning og lífsleikni? .....	16
3. Himnesk flækja .....	16
Lokaorð .....	17
Heimildaskrá .....	18

## **Inngangur**

„Ég heyri og ég gleymi:

Ég sé og ég man:

Ég geri og ég skil.“

(Moyles 2002:112)

Með orð þessi í huga er ekki úr vegi að skoða hvernig gera má kennslu skil á þann hátt að nemendur fái að upplifa og reyna. Fjölbreytileiki nemendahópsins er afar mikill og því að mörgu að hyggja fyrir þá sem kosið hafa það ævistarf að mennta ungvíði þessa lands. Staða heimila hefur breyst mikið á undanförunum árum. Börn eyða meiri tíma á menntastofnunum en áður og þ.a.l. minni tíma með foreldrum. Gömul og góð gildi sem áður voru numin af forfeðrum eru nú eitthvað sem börn læra í sífellt meiri mæli á leik- og grunnskólum landsins. Lífsleikni og leikræn tjáning eru fög sem taka á daglega lífinu. Markmið þeirra er að hjálpa nemendum við að átta sig á hverjir þeir eru, hvað þeir vilja, leitast við að styrkja sjálfsmynd þeirra og almennan þroska. Hlutverk þessara faga er í raun og veru einfalt; að byggja upp einstaklinga með sterka sjálfsmynd sem umhugað er um aðra í samfélaginu. Möguleikarnir til að nýta sögur í þessum tilgangi eru óteljandi. Tilgangur bókarinnar *Himnesk flækja* er að hvetja nemendur til umhugsunar um sína eigin styrkleika sem og annarra. Einnig er ætlunin að efla félagsþroska og samskiptahæfni nemenda með því að sýna þeim fram á kosti þess að vinna saman.

### **1. kafli**

Sú umræða á sér stöku sinnum stað í þjóðfélaginu að skólar séu geymslur þar sem nemendur fylla út hvert eyðufyllingaverkefnið á fætur öðru. Þeir sem til þekkja vita betur en svo. Í árunna rás hafa þeir sem að menntun barna koma sífellt leitað nýrra leiða til að bæta það nám og kennsluaðferðir sem í boði eru. Hér á eftir verður fjallað um nokkra þekkta fræðimenn sem áhrif hafa haft á þessu sviði.

## 1.1. Barnið í brennidepli

Um aldamótin 1900 knúðu margir á breytingar á uppeldis- og kennsluháttum. Byggðust þær breytingar fyrst og fremst á því að nú skyldi barnið sett í öndvegi, reynsluheimur þess og áhugasvið (Anna Jeppesen 1994:7). Þó nokkrar hugmyndir og kenningar voru settar fram á þessum tíma, en hér verður minnst á nokkra áhrifavalda í tengslum við aðferðir sem enn þann dag í dag er unnið með í leikrænni tjáningu.

### 1.1.1. Undanfari og upphaf leikrænnar tjáningar í skólum

John Dewey (1859-1952) var bandarískur prófessor í heimspeki, sálarfræði og uppeldisfræði. Hann stofnaði tilraunaskóla, The Laboratory School, í Chigaco árið 1896 og hóf að móta uppeldiskenningar sínar. Markmið skólans voru að komast að því:

- hvernig færa mætti skólann nær heimili og nágrenni.
- hvernig kenna mætti samfélagsgreinar og bókmenntir á þann hátt að námið hefði raunverulegt gildi í lífi barnsins.
- hvernig tengja mætti greinar eins og lestur, skrift og stærðfræði reynsluheimi barnsins svo það fyndi tilgang með náminu.
- hvernig hægt væri að sinna hverju barni í litlum hópum.

Samkvæmt Dewey búa börn yfir meðfæddum hvötum: félagshvöt, rannsóknarhvöt, sköpunarhvöt og listhvöt og á kennsla að byggja á því að virkja þessa meðfæddu hæfileika. Barnið á að fá viðfangsefni sem heilla til að spreyta sig á og þroska þannig hæfileika sína. Skýr markmið eru með hverju verkefni. Þessa aðferð kallaði Dewey „*Learning by doing*“ eða nám í verki (Braanaas 1999:31-32; Myhre 2001:170-174). Breski kennarinn Caldwell Cook gaf út bókina *The Play Way* árið 1917. Voru hugmyndir hans byggðar á sama grunni og hugmyndir Dewey. Líkt og hann hélt Cook því fram að nám byggðist á reynslu og virkni og að leikur sé eðlilegur vettvangur náms hjá börnum (Anna Jeppesen 1994:7-8; Braanaas 1992:54). Árið 1890 stofnaði Harriet Finley Johnson sveitaskóla í Bretlandi sem byggði allt sitt starf á leikrænni tjáningu. Er það einna fyrsti skólinn af slíku tagi

sem vitað er um. Gaf hún út bókina *The Dramatic Method of Teaching* árið 1910 (Anna Jeppesen 1994:8).

### **1.1.2. Frumkvöðlar í leikrænni tjáningu**

#### *1.1.2.1. Peter Slade (1912-2004)*

Brautryðjandinn Peter Slade hefur haft mikil áhrif á þróun leikrænnar tjáningar á Vesturlöndum. Byggði hann hugmyndir sínar aðallega á eigin reynslu, en talið er að hann hafi þekkt hugmyndir Harriet F. Johnson og Caldwell Cook. Hinn leikaramenntaði Slade hefur alla tíð unnið með börnum og unglingum og hlaut hann fyrstu kennarareynslu sína við að kenna seinfærum nemendum. Leit hann svo á að leikræn tjáning ætti fullan rétt á sér og ætti fagið að mótast af þörfum og heimi barnsins og efla þannig alhliða þroska þess, skapandi hugsun og listræna tjáningu. Aðferðir Slades fólust fyrst og fremst í margs konar skynjunar- og einbeitningaræfingum sem byggðust á hreyfingu. Sköpunarfrelsi og tjáning voru einkenni á aðferðunum og átti kennari eða leiðbeinandi sem minnst að gagnrýna þær. Hans hlutverk var fyrst og fremst að fylgjast með því *hvað* nemendur gerðu, en ekki *hvernig*. Áttu börnin að leika út frá efni sem væri þeim hugleikið svo tjáningin sprytti úr frá þeirra eigin reynsluheimi. Vildi Slade að börnin fengju gott rými til að skapa og hreyfa sig. Einnig lagði hann mikla áherslu á vinnu í hring. Þannig sjá allir og heyra í öllum, enginn stendur utan við og auðveldara getur verið að tjá sig í hring, en framan við bekk (Anna Jeppesen 1994:9; Braanaas 1992:57-60; Kristín Á. Ólafsdóttir 2007:14-17).

#### *1.1.2.2. Brian Way (1924-2006)*

Brian Way var einn lærisveina Slades. Líkt og lærifaðir hans bjó hann yfir reynslu úr barnaleikhúsi. Hann kom fram með kenningar sínar á sjötta áratugnum, en þá var mikið rót á hugmyndum í kennslu- og uppeldisfræðum. Áhersla hans var einnig á alhliða þroska barnsins (Anna Jeppesen 1994:9; Braanaas 1992:62; Kristín Á. Ólafsdóttir 2007:18-19). Tók hann æfingar Slades og setti upp í ákveðið kerfi eða flokkun, byggt á því hvaða þroskaþætti þeim var ætlað að þjálf. Kerfið nefndi hann *Persónuleikahringinn*, en þar er hringnum skipt í sjö hluta og táknar hver þeirra þroskaþátt. Þættirnir eru:



1. Einbeiting
2. Skynjun
3. Ímyndun
4. Líkami
5. Mál
6. Tilfinningar
7. Greind

Hringurinn er í fjórum lögum og er unnið frá miðju hans og út. Innst er nemandinn sjálfur og sá styrkur og þekking sem hann býr yfir. Í næsta lagi hringsins er svo persónuleg útrás og að ná tökum á styrkleikum sínum og þekkingu. Í þriðja laginu er svo unnið með tilfinninganæmni fyrir öðrum með því að uppgötva umhverfið. Í síðasta lagi hringsins er svo unnið með auðgun annarra áhrifa bæði innan og utan persónulegs umhverfis (Braanas 1992:63; Kristín Á. Ólafsdóttir 2007:19; Way 1967:13). Á þessum hring byggði Way hugmyndir sínar um leikræna tjáningu. Hann hafði ákveðnar hugmyndir um skipulag kennslustunda og skyldu þær byrja á upphitun, því næst skynjunar- og einbeitingaræfingum, þá spuna og loks slökun.

Kennslufræðin í leikrænni tjáningu var Way hugleikin og hvort líta skyldi á fagið sem sjálfstæða námsgrein. Komst hann að þeirri niðurstöðu að líta skyldi á leikræna tjáningu sem kennsluáferð því hún væri leið til menntunar, en ekki námsgrein. Leit hann ekki á leikræna tjáningu sem sjálfstætt listform þar sem hún snýst fyrst og fremst um þátttakendurna sjálfa. Lagði hann mikla áherslu á vönduð vinnubrögð þegar unnið var með börnum. Hlutverk kennara var að skipuleggja kennsluna og halda utan um hana, en veita nemendum um leið ákveðið valfrlsi. Með öðrum orðum: Kennari skipulagði *hvað* skyldi gera í kennslustundinni, en ekki *hvernig*.

Hugmyndir Way náðu talsverðri útbreiðslu, sérstaklega á Norðurlöndum og urðu áhrif hans þó nokkur. Árið 1967 gaf hann út bókina *Development through Drama* og var hún þýdd á mörg tungumál. Þótt áhrifa hans gæti að einhverju leyti enn þann dag í dag telja margir að þær föstu skorður sem hann setti kennslunni hafi heft sköpun og gert nemendum og kennurum erfitt fyrir að nota leikræna tjáningu í öðrum námsgreinum (Anna Jeppesen 1994:9-11; Braanaas 1967:62-65; Kristín Á. Ólafsdóttir 2007:19-21).

### 1.1.2.3. Dorothy Heathcote (1926-) og Gavin Bolton (1927-)

Bretarnir Dorothy Heathcote, sem er menntaður leikari og Gavin Bolton, sem er menntaður kennari hafa þróað áfram kenningar Way og Slade. Hugmyndir þeirra um leikræna tjáningu setti þau meðal þekktustu sérfræðinga Bretlands í faginu á áttunda áratugnum. Enn þann dag í dag hafa þau bæði mikil áhrif á þróun í kennslu leikrænnar tjáningar (Anna Jeppesen 1994:11; Anna Jeppesen & Ása Helga Ragnarsdóttir 2006:8). Grunnhugmyndin að aðferðum þeirra er sú sama og hjá Peter Slade og Brian Way, þ.e. að kennslan sé byggð á reynsluheimi nemenda. Aðferðafræði þeirra miðast við að unnið sé með heila bekk og leggja þau áherslu á að leikræn tjáning geti nýst í öllu skólustarfi. Helstu rök þeirra eru þau að þegar kennsluáðferðinni sé beitt lifi nemendur sig inn í ferlið og taki að sér þær skuldbindingar sem hlutverkið býður upp á. Þetta auki skilning þeirra á mismunandi viðfangsefnum, geri þá sjálfstæðari í vinnubrögðum auk þess sem þeim gefst tækifæri til að notfæra sér fyrri reynslu til að læra af (Anna Jeppesen 1994:11-12; Anna Jeppesen & Ása Helga Ragnarsdóttir 2006:8).

Dorothy Heathcote er einna þekktust fyrir kennsluáðferð sína „*kennari í hlutverki*“, en þar tekur kennari virkan þátt með nemendum. Gefur þessi aðferð kennara tækifæri til þess að hafa áhrif á leikinn, kalla eftir spurningum og þekkingu (Braanaas 1992:184; Kristín Á. Ólafsdóttir 2007:24). Var þessi beina þátttaka kennarans ný af nálinni miðað við hefðbundnar kennsluáðferðir í leikrænni tjáningu. Heathcote er hugleikið að í stað þess að kenna leikræna tjáningu sem sérstakt fag eigi að blanda inn í tjáninguna sem flestum námsgreinum. Aðferðir leiklistarinnar séu kennaranum gagnlegt tæki til að dýpka skilning nemenda á viðfangsefnum með því að gefa þeim tækifæri til að lifa sig inn í aðstæður og setja sig í spor annarra (Kristín Á. Ólafsdóttir 2007:24).

Gavin Bolton hefur starfað mikið með Heathcote og eru þau um margt á sama máli þegar kemur að leiklistarstarfi með börnum. Það sem skilur þó á milli þeirra er að Bolton telur leikræna tjáningu og listformið leiklist samofið og vill leggja meiri áherslu á leikhúsið sjálft (Kristín Á. Ólafsdóttir 2007:26-27).

#### *1.1.2.4. Jonothan Neelands*

Jonothan Neelands er breskur prófessor. Hann hefur þróað áfram hugmyndir Heathcote og Bolton. Hann telur, líkt og Bolton, ástæðulaust að stanslaust sé unnið með leikræna tjáningu annars vegar og leiklist hins vegar. Vill hann að unnið verði með bæði fögin og jafnvel „samsuðu“ af báðum (Neelands 2000:47). Hann leggur áherslu á mikilvægi þess að leiklist eigi fastan sess í Aðalnámskrá svo samfella náist í námið auk þess sem það veiti kennurum aðhald og öryggi (Kristín Á. Ólafsdóttir 2007:28). Eftir hann liggja niðurstöður tilraunaverkefnis sem framkvæmt var í breskum grunnskóla. Sýndi sú tilraun fram á stórbættan anda, jákvæðara viðmót og minna einelti í skóla þar sem leiklist og leikræn tjáning voru notaðar markvisst í öllu skólasterfi (Dickinson, Rachel og Jonothan Neelands 2006:1-3).

### *1.2 Leikræn tjáning og lífsleikni í íslenskum grunnskólum*

Í almenna hluta Aðalnámskrár grunnskóla frá árinu 2006 stendur eftirfarandi: „Í skólasterfi á að ríkja fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluáðferðum. [...] Vönduð kennsla, sem lagar sig að þörfum einstakra nemenda og markmiðum í skóla án aðgreiningar, eykur líkur á árangri.“ (Aðalnámskrá grunnskóla – almennur hluti 2006:15). Eitt af markmiðum með almennri menntun er sem sé að styrkja einstaklinginn til að hugsa sjálfstætt og á gagnrýninn hátt og geta þ.a.l. brugðist við nýjum aðstæðum. Nútímasamfélag kallar á þessa styrkleika hjá fólki þar sem aðstæður breytast hratt og framfarir eru örar. Einnig er mikilvægt að stuðla að umburðarlyndi og virðingu fyrir náunganum og umhverfinu. Með því að nálgast námsefnið á fjölbreyttan hátt getur kennari stuðlað að því að þessum markmiðum sé náð (Aðalnámskrá grunnskóla almennur hluti 2007:8).

#### **1.2.1 Leikræn tjáning**

Þegar verið er að skoða stöðu leikrænnar tjáningar í íslenskum skólum í dag er áhugavert að líta aðeins um öxl og skoða hvernig staðan var á þessum vettvangi á síðustu öld. Árin 1976 og 1977 kom út Aðalnámskrá fyrir íslenska grunnskóla. Í

sérhefti fyrir móðurmál var kennurum bent á að nota leikræna tjáningu við kennsluna. Þar stendur meðal annars:

*...tengsl tals og leikrænnar tjáningar eru svo náin að segja má að hvað fylgi öðru; ekkert er eðlilegra en barn gripi til látbragðs og hreyfinga til áherslu og skýringar orðum sínum. Einnig má segja að öll markviss kennsla sé leikræns eðlis að einhverju leyti þar sem samskiptum kennara og nemenda og nemenda innbyrðis má líkja við eins konar samleik. Þannig er nauðsynlegt að binda ekki hugtakið „leikræn tjáning“ við leiksýningar eða leiksvið nema að takmörkuðu leyti (Aðalnámskrá grunnskóla – móðurmál 1976-77: 23).*

Í móðurmálsheftinu eru kennarar einnig hvattir til að notfæra sér þörf barnanna og hneigð til leikrænnar tjáningar sem er sjálfsprottin út frá aðstæðum. Hlutverk kennarans á þá að vera að hjálpa nemendum til að öðlast dýpri skilning á viðfangsefninu (Aðalnámskrá grunnskóla 1976-77: 23). Segja má að það sem fram kemur í Aðalnámskrá frá árunum 1976-77 sé alls ekki um margt ólíkt því sem ritað er í Aðalnámskrá sem kom út árið 2007. Reyndar er sérstakur hluti námskrárinnar tileinkaður leikrænni tjáningu þar sem fjallað er um hana sem þverfaglega grein.

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla frá 2007 er leikrænni tjáningu ekki ætlaður ákveðinn tími á viðmiðunarstundaskrá. Greininni er ætlað að samþætta uppeldis- og menntamarkmið sem sett eru fram í annarri grein grunnskólalaga (Aðalnámskrá grunnskóla – listgreinar 2007:41). Þar kemur fram að hlutverk grunnskólans er, í samvinnu við heimilin, að búa nemendur undir þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun (Lög um grunnskóla 1995). Til að uppfylla kröfuna um að greinin samþætti þessi markmið er hún hugsuð sem þverfagleg og getur tengst skólastarfi á þrjá vegu:

- sem kennsluaðferð.
- sem sjálfstæð námsgrein.
- sem hluti af listasmiðjum.

Sé leikræn tjáning notuð sem kennsluaðferð sjá almennir kennarar um kennsluna. Sérmenntaðir leiklistarkennarar kenna leiklist sem sjálfstæða námsgrein. Leikræn tjáning sem hluti af listasmiðjum er hugsuð bæði í tengslum við aðrar listgreinar en

einnig á eigin forsendum. Þessi vinna fer fram í nánú samstarfi við aðra listgreinakennara sem og bekkjarkennara (Aðalnámskrá grunnskóla-leikræn tjáning 2007:41).

### **1.2.2. Lífsleikni**

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla frá 2007 er lífsleikni sjálfstæð námsgrein sem hefur fastan tíma í viðmiðunarstundaskrá frá fjórða til tíunda bekk. Námsgreininni er m.a. ætlað að aðstoða grunnskóla við að uppfylla ýmis lög og skuldbindingar, bæði innlendar og erlendar. Þar ber t.d. að nefna að veita skuli börnum og ungmennum fræðslu utan við hefðbundnar námsgreinar. Einnig er greininni ætlað að koma til móts við kröfur um aukið uppeldishlutverk skólanna (Aðalnámskrá grunnskóla – lífsleikni 2007:4).

Námsgreininni lífsleikni er ætlað að efla alhliða þroska nemenda. Í því felst m.a. að styrkja skuli félagsþroska nemandans og siðferðis- og borgaravitund sem og virðingu hans fyrir sjálfum sér og öðrum. Auk þess ættu nemendur að fá tækifæri til að efla áræði sitt, frumkvæði, sköpunargáfu og aðlögunarhæfni til að takast á við daglegt líf. Lífsleikni sem námsgrein er ætlað að búa nemendur á sem bestan hátt undir að takast á við lífið. Meginviðfangsefni lífsleikni eru annars vegar þau sem snúa að nemandanum sjálfum, þ.e. sjálfsþekking, samskipti, sköpun og lífstíll og hins vegar þau sem snúa að því sem í kringum hann er, samfélag, umhverfi, náttúru og menningu (Aðalnámskrá grunnskóla lífsleikni 2007:5-6).

### *1.3 Nauðsyn fjölbreytileika í skólastarfi og kennsluleiðum*

Í grein eftir Elliot W. Eisner, *Listir og þróun hugans*, kemur fram að manneskja fæðist með heila en ekki hugsun. Hugsun mótast af umhverfinu og hlutverk menntunar, félagsstarfs og aðlögunar er því að efla hana. Mikilvægur þáttur í því er að einstaklingur fái að upplifa ólíka hluti og verði fyrir margvíslegri reynslu og læri af því víðtæka hugsun (Eisner 2003).

Í skólum skipta kennsluaðferðir og námskrá miklu máli. Í raun marka kennsluaðferðir og námskrá megin leiðirnar sem veita börnum tækifæri til að öðlast sem víðtækasta reynslu. Efnið sem fram kemur í námskrá og hvaða kennsluaðferðum er beitt til að kenna það hefur gífurleg áhrif á hvernig nemendur

hugsa og læra og einnig hvað það er sem þeir geta hugsað um. Öll hugsun hefst með skynjun því skilningarvit okkar eru útverðir hugsunar; það er ekkert í huganum sem ekki var fyrst numið af skynfærunum. Reynsla ætti því að vera kjarni menntunnar (Eisner 2003). Eisner bendir einnig á í bók sinni *The arts and the creation of mind* að í skólum gefist nemendum kostur á að deila lífi sínu með öðrum og fá hlutdeild í lífi annarra. Þar fá þeir tækifæri til að upplifa sig sem hluta af heild og finna til samkenndar. Skólinn á að efla og þroska það sem innan hans er; barnshugann. Allt skipulag innan stofnunarinnar, s.s. kennsla, gildi sem lögð er áhersla á og samband milli hinna fullorðnu og barna skiptir miklu máli. Ástæðan er sú að ofantaldir þættir móta þá reynslu sem nemandinn upplifir og líklegt er að hafi seinna áhrif á hver hann verður. Reynsla er kjarni vaxtar því reynsla er miðill menntunnar (Eisner 2002:3).

Howard Gardner (1943-) kom fram með kenningu sem hann kallar fjölgreindakenningu. Hún gengur út á að einstaklingurinn búi yfir fjölda ólíkra hæfileika (greinda) sem allir þurfa örvun. Gardner lítur svo á að grundvöllur kenningar hans sé virðing fyrir margbreytileika mannsins. Að hans mati er afar mikilvægt að við viðurkennum og leggjum rækt við allar þær greindir sem í mannum búa og samsetningu þeirra sem gerir hvern og einn einstakling sérstakan. Sé þetta viðurkennt telur Gardner að möguleikar fólks til að takast á við ýmis konar vandamál sem það stendur frammi fyrir aukist til muna. Fjölgreindakenningin á að þjóna þeim tilgangi að víkka sýnina á mannlega möguleika út fyrir takmarkanir greindarvísitölunnar. Gardner finnst ekki rétt að ákvarða greind einstaklings með því að láta hann leysa einangruð verkefni sem hann hefur aldrei glímt við áður og myndi að öllum líkindum ekki kæra sig um að endurtaka. Tilgáta hans snérist aftur á móti um að greind snúist um hæfileikann til að leysa þrautir eða vandamál annars vegar en hins vegar um að hanna afurðir í samspili og samhengi við umhverfið. (Armstrong 2001:7-13). Þó að uppeldisfræðingurinn Johann Friedrich Herbart (1776-1841) hafi verið uppi löngu á undan Gardner má segja að hann hafi í sínum kenningum dregið að einhverju leyti svipaðar línur þó að hann hafi ekki talað um fjölgreindir sem slíkar. Uppeldisfræðikerfi hans leggur áherslu á að ýta undir hinn svo kallaða fjölpætta áhuga. Að hans mati ætti uppeldisfræðin að hjálpa einstaklingum að nýta sér þau tækifæri og þá möguleika sem lífið býður upp á.

Einstaklingur þarf að hafa til að bera marghliða jafnvægan áhuga til að ná bæði áttum og innri styrk sem gerir honum kleift að njóta hæfileika sinna og leysa þau verkefni sem lífið færir honum (Myhre 2001:116). Í bókinni *Planning Process Drama* er talað um að nemendur eigi að fá tækifæri til að læra í gegnum upplifanir. Höfundarnir, *Pamela Howell* og *Brian S. Heap* segja að það sé í verkahring kennara að skapa aðstæður þar sem nemendur fá tækifæri til að takast á við ímyndaðar aðstæður og æfa sig þannig fyrir raunveruleikann (Howell & Heap 2001:1-2). Samræmist það einnig hugmyndum *Dorothy Heathcote* og *Gavin Bolton* sem leggja einmitt áherslu á að nemendur læri í gegnum það að lifa sig inn í ímynduð ferli þar sem þeir kanni og skoði mannlega eiginleika og samskipti um leið og þeir mynda sér skoðanir og taka ákvarðanir út frá hutverki sínu. *Jonathan Neelands* hefur þróað hugmyndir þeirra áfram og heldur hann því fram að hlutverkaleikir gefi nemendum tækifæri til að nálgast skilning á því hvað það er að vera manneskja (*Anna Jeppesen* og *Ása Helga Ragnarsdóttir* 2006:8). Sé leikræn tjáning notuð sem kennsluáferð læra nemendur bæði meira og minna en þeim er kennt. Þeir læra minna þar sem að ólíklegt er að öll markmið kennarans náist því einhver þeirra verða alltaf utan seilingar. Aftur á móti læra þeir meira þar sem að hver og einn nemandi kemur með sinn eigin reynsluheim að borðinu og gæðir þannig kennsluna af efni sem ekki var undirbúið af kennara (*Eisner* 2002:70). Staðreyndin er sú að skapandi vinna felur í sér ákveðna áhættu. Engin trygging er fyrir því að hlutirnir takist. Aftur á móti þroskast börn ekki ef að kennarinn tekur aldrei áhættu. Nám ber mestan árangur þegar tilgangurinn er kannaður, tilraunir eru framkvæmdar og umræður eiga sér stað þar sem allir fá tækifæri til að leggja eitthvað til málanna. Mikilvægt er að kennarinn sé skapandi, uppfinningasamur og fús til að reyna nýja hluti. Með því fá nemendur hvatningu til að læra og námið verður árangursríkara þegar notaðar eru ólíkar aðferðir, markmið og leiðir til náms (*Ása Helga Ragnarsdóttir* 2002:10-11)

## 2. kafli

Flest munum við eftir frásögnum sem á einn eða annan hátt höfðu áhrif á hugsunarhátt okkar eða gjörðir. Hvort heldur sem það voru ævintýri, dæmisögur eða frásagnir af forfeðrum.

Hér á eftir verður fjallað um gildi sagna og rökstutt af hverju þær geti gegnt veigamiklu hlutverki í lífsleikni kennslu. Einnig er fjallað um hvernig hægt er að nota leikræna tjáningu til að vinna með sögur og dýpka skilning nemenda á efni og innihaldi þeirra.

## *2.1 Af hverju saga?*

Frá örófi alda hafa frásagnir lifað með okkur. Jafnvel áður en að hugtakið læsi kom til voru sögur ekki eingöngu sagðar til skemmtunar heldur einnig til að færa þekkingu og gildi á milli kynslóða. Í raun má segja að hægt sé að líta á frásögnina sem eina af grundvallarleiðum sem mannsheilinn getur nýtt til að túlka og íhuga veröldina. Í gegnum frásögnina er hægt að þróa hugtakaskilning með því að setja upplifanir úr raunveruleikanum í orð (Winston 2000:ix). Að segja sögur skiptir mannfólkið gríðarlegu máli og þekktist í öllum menningarheimum. Sögur móta líf okkar og menningu – við getum ekki án þeirra verið. Sem félagslegir þátttakendur í veröldinni þurfum við raunveruleg tækifæri til samræðna svo að við getum hent reiður á hugsunum okkar og dregið lærdóm af reynslu okkar (Booth & Barton 2000:7).

Alls kyns sögur, allt frá sögum af fólki og menningu þess, hetjum og bragðarefum, hollustu og dauða, ást og tryggð, eru sögur sem skapa aðstæður þar sem hægt er að skoða og skilja hinn félagslega heim sem mannfólkið byggir. Sem slíkar, bæði fyrir börn og fullorðna, kortleggja sögurnar mögulegar upplifanir og reynslu. Þær gefa hugmyndir um hvernig líf okkar getur þróast eftir því hvaða leiðir við veljum. Hið siðferðilega mikilvægi frásagna liggur í líkönunum sem þær gefa okkur af gjörðum og rammanum sem þær skapa okkur utan um siðferðilega dómgreind. Í raun og veru má segja að góð frásögn hrífi ekki eingöngu áheyrandann heldur gefur hún einnig til kynna hvernig rétt sé að lifa okkar lífi og annarra. Hefðin er sú að sögur eru notaðar vegna getu þeirra til að skipuleggja og þroska siðferðislegt ímyndunarafli frekar en möguleika þeirra til að þroska læsi. Flestar sögur bera með sér einhvern siðferðisboðskap. Leikræn tjáning er oft heppileg leið til að sökkva dýpra í þann siðferðisboðskap sem saga færir okkur (Winston 2000:ix-x).



## 2.2. Af hverju leikræn tjáning og lífsleikni?

Í skólanum fer félags- og lífsleiknikennsla (e. moral education) fram á ýmsan hátt, að miklu leyti þvert á eða jafnvel fyrir utan námsskrána. Börn eru hvött til ákveðins háttarnis og viðmóts. Þau eru einnig hvött til að hugsa um afleiðingar gjörða sinna s.s. hvort þau séu hjálpleg eða særandi gagnvart þeim sem umgangast þau. Einnig eru þau hvött til að kanna hvaða eiginleika þau kunna að meta í öðru fólki og af hverju. Lífsleiknikennsla fer fram víða, en til að börn þroskist og verði að sjálfstæðum, siðferðilega rétt hugsandi einstaklingum þurfa þau að þróa ímyndunaraflíð og tilfinningalega hæfileika. Þetta hjálpar þeim að meta erfiðar siðfræðiklemmur, skilja þarfir og tilfinningar annarra og þróa tungumál sem hjálpar þeim að ræða mál eins og hvað er að vera góður/slæmur og hvaða gjörðir eru réttar/rangar. Til eru margar leiðir til að nýta sögur í lífsleiknikennslu stundum með fyrirfram ákveðinni leið (e. closed agenda) sem sýnir fram á hvaða gjörðir eða leiðir eru réttar en stundum með opnari leið (e. open agenda) þar sem lögð er áhersla á erfiðleikana hvernig unnt sé að vinna úr þeim. Sögur sem hjálpa börnum að þroska hugmyndaauðgi, sem þau þurfa til að hugsa hvernig best sé að snúa sér í aðstæðum, eru gott tæki til að nota við kennslu í lífsleikni (Winston 2000:93-94).

## 3. Himnesk flækja

Bókin *Himnesk flækja* fjallar um líf og störf íbúa í Hírógabæ. Vandamál kemur upp í bænum sem krefst þess að íbúarnir vinni saman til að leysa það. Til þess þurfa þeir að nýta styrkleika hvers og eins. Sögunni er ætlað að undirstrika að öll höfum við eitthvað til brunns að bera þó ólík séum. Hún býður upp á vinnu þar sem áhersla er á samvinnu, persónusköpun og fjölbreytileika mannfólksins. Bókin er skrifuð sem kennsluefni í lífsleikni á yngsta stigi. Þó ber að hafa í huga að sumar kennsluaðferðirnar gætu reynst helst til þungar fyrir nemendur fyrsta bekkjar.

Leikræn tjáning er sú kennsluaðferð sem unnið er með en auðvelt er fyrir hugmyndaríka kennara að útbúa ýmis konar heildstæð verkefni út frá efniviði bókarinnar. Kennarahandbókin inniheldur lýsingar á þeim kennsluaðferðum og leikjum sem við söguna eiga. Einnig er í henni að finna kennsluleiðbeiningar þar sem unnið er á fjölbreyttan hátt með efnivið sögunnar.

## Lokaorð

Gildi sagna verður seint ofmetið, hvort heldur sem um ræðir mikilvægi þeirra við að miðla þekkingu og gildum á milli kynslóða ellegar tækifærin sem þær veita til siðfræðikennslu. Frásagnahefðin hefur fylgt okkur frá örófi alda og löngu áður en læsi kom til sögunar nýttist hún í raun til að flytja áfram sögulegan arf.

Sögur henta vel til vinnu í lífsleikni þar sem tekið er á þeim vandamálum sem upp geta komið í daglega lífinu. Einnig henta aðferðir leikrænnar tjáningar sérstaklega vel þegar unnið er með sögur. Þannig er hægt að veita nemendum tækifæri til að setja sig í spor sögupersónanna og einnig gefst þeim tækifæri til að upplifa aðstæður og æfa sig í samskiptum. Grunnáðferðir leikrænnar tjáningar eru einnig góður grunnur fyrir áframhaldandi leiklistarkennslu.

Samþætting lífsleikni og leikrænnar tjáningar veitir kennurum óendanlega möguleika sem þeir endilega ættu að nýta sér.

## Heimildaskrá

- Aðalnámskrá grunnskóla - Almennur hluti. 2006. Menntamálaráðuneytið. Reykjavík.  
Vefslóð: [http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/agalmennurhluti\\_2006.pdf](http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/agalmennurhluti_2006.pdf) [Sótt 6. febrúar 2008].
- Aðalnámskrá grunnskóla - Listgreinar. 2007. Menntamálaráðuneytið. Reykjavík.  
Vefslóð: [http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/adalnamskra-grsk\\_listgreinar.pdf](http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/adalnamskra-grsk_listgreinar.pdf) [Sótt 6. febrúar 2008]
- Aðalnámskrá grunnskóla - Lífsleikni. 2007. Menntamálaráðuneyti. Vefslóð:  
[http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/adalnamskra\\_grsk\\_lifsleikni.pdf](http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/adalnamskra_grsk_lifsleikni.pdf) [Sótt 6. febrúar 2008]
- Aðalnámskrá grunnskóla - Móðurmál. 1976-77. Menntamálaráðuneytið, skólarannsóknadeild. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, Reykjavík.
- Anna Jeppesen. 1994. *Mál og túlkun – handbók kennara*. Bóksala Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík.
- Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir. 2006. *Leiklist í kennslu*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Armstrong, Thomas. 2001. *Fjölgreindir í skólastofunni*. JPV útgáfa, Reykjavík.
- Ása Helga Ragnarsdóttir. 2002. *Using drama in teaching language and literacy*. Óbirt M.A. ritgerð, Háskólinn í Warwick.
- Booth, David & Bob Barton. 2000. *Story works*. Pembroke Publishers, Canada.

Bowell, Pamella & Brian S. Heep. 2001. *Planning Process Drama*. David Fulton Publishers, London.

Braanaas, Nils. 1992. *Dramapedagogisk historie og teori*. Tapir forlag, Trondheim.

Eisner, Elliot W. 2002. *The Arts and the Creation of Mind*. Yale University Press, New Haven & London.

Dickinson, Rachel & Jonothan Neelands. 2006. *Improve Your Primary School Through Drama*. David Fulton Publishers, London.

Kristín Á. Ólafsdóttir. 2007. *Þróun leikrænnar tjáningar í íslenskum grunnskólum*. Óbirt M.A. ritgerð, Háskóli Íslands.

*Lög um grunnskóla nr. 66/1995*

Moyles, Janet & Gillian Robinson. 2002. *Beginning teaching: beginning learning*. Open University press, Philadelphia.

Myhre, Reidar. 2001. *Stefnur og straumar í uppeldissögu*. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík.

Neelands, Jonothan. 2000. *In the hands of living people*. Drama Research, The Research Journal of National Drama. Vol 1. National Drama, London.

Way, Brian. 1967. *Development through Drama*. Longman, London.

Winston, Joe. 2000. *Drama, Literacy and Moral Education 5-11*. David Fulton Publishers, London